# Jón Helgason (1868-1908), kaupmaður og agent

1020/2

Jón Helgason fæddist 27. apríl 1868, dáinn 3. september 1908. Jón fæddist í Skálpagerði í Eyjafirði en foreldrar hans voru Sigríður Jónsdóttir (1828-1901) og Helgi Jónsson (1831-1876).

Jón fluttist til Akureyrar 1888 en 1890 var hann lausamaður á Kotungsstöðum í Hálshreppi. Seinna varð Jón verslunarmaður á Ísafirði og Grundarfirði. Hann var á Ísafirði 1896 en 1900 fluttist hann til Grundarfjarðar og 1901 til Reykjavíkur.

Hann rak verslun í Reykjavík en þar gekk á ýmsu. 1907 var fjölskyldan komin til Akureyrar, þar var Jón titlaður agent. Jón lést á Akureyri u.þ.b. ári eftir að hann flutti þangað.

Kona Jóns var Steinunn Ingibjörg Stefánsdóttir (1868-1963). Þau eignuðust tvö börn.

Afhendingin er ekki í aðfangabók. Skjölin fundust við tiltekt. Þetta er eina afhendingin í fórum héraðsskjalasafnsins frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Akureyri, 30. nóvember 2020

Lára Ágústa Ólafsdóttir

Héraðsskjalavörður

## A-Jón Helgason

### A-Jón Helgason

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1903 - 1907 | Skjöl varðandi kaup á húseigninni Laugavegi 27 Reykjavík (1903); leigusamnigur vegna húss Jóns Pálmasonar á Akureyri (1907); skjöl varðandi lánamál. |
| A | 1 | 2 | 1902 - 1903 | Ritgerðir og viðskiptamenn. (Fremst í bókinni eru ritgerðir varðandi áburð og jarðrækt; skilyrði fyrir styrkveitingu út landssjóði til búnaðarfélaga; viðskiptamenn í Reykjavík). |
| A | 1 | 3 | 1906 - 1906 | Lög fyrir Bátaábyrgðarfélag Eyjafjarðar (afrit - 1905); reglugerð fyrir mótorbáta sem mega vera á ábyrgð hjá Bátaábyrgðarféalgi Eyfirðinga; drög að bréfum; síldarinnlegg; vinnureikningur. |
| A | 1 | 4 | - | Viðskiptabók með sápur. |
| A | 1 | 5 | 1901 - 1908 | Húsreikningur vegna Lindargötu 1; viðskiptamenn o.fl. reikningar. |
| A | 1 | 6 | 1901 - 1905 | Höfuðbók við verslun Jóns Helgasonar kaupmanns í Reykjavík. |
| A | 1 | 7 | 1907 - 1908 | Bréfabók Jóns (kópíubók). |
| A | 2 | 1 | 1906 - 1908 | Vörupantanir (kópíubók). |
| A | 2 | 2 | 1901 - 1908 | Bréfabók (kópíubók) ásamt afritum bréfa vegna uppgjörs eftir fráfall Jóns. |